

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8 - 10

150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 143/95
komudagur 30.10.2013

30. október 2013

Mál: Umsögn um frumvarp til laga um byggingarvörur, 61. mál.

Samtök atvinnulífsins, Samtök iðnaðarins og SVP – Samtök verslunar og þjónustu skila sameiginlegri umsögn um frumvarp þetta en samtökin hafa áður í umsögnum til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins lýst yfir almennum stuðningi við efni frumvarpsins. Samtökin telja mikilvægt að reglugerð Evrópusambandsins um þetta efni 305/2011/ESB verði innleidd hér sem fyrst.

Mikilvægt er að við innleiðingu á reglugerðinni og eftirlits með henni verði gætt ítrustu hagkvæmni og útfærsla miðuð við eðli og stærð markaðarins hér á landi og að kostnaði fyrirtækjanna verði haldið í lágmarki.

Í 6. gr. frumvarpsins er kveðið á um svokallað tilkynningaryfirvald og tilkynntan aðila. Þá segir í 4. mgr. 6. gr. að ráðherra sé heimilt að fela Mannvirkjastofnun að annast eftirlit með tilkynntum aðilum. Samtökin benda á að stjórnvöldum ber að tryggja að aðilar sem annast sambærilegt eftirlit, eða hlutverk sambærilegt því sem Mannvirkjastofnun er falið í umræddu ákvæði, séu til þess bærir og hafi hlotið fullnægjandi viðurkenningu. En samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum frá European Co-Operation for Accreditation (EA) þá hefur Ísland hvorki sótt um né verið viðurkennt á grundvelli samræmismats. Hins vegar hafa vel flest öll Evrópuríki gengið í gegnum slíkt mat. Því er ljóst að tryggja þarf slíkt mat fyrir innlenda eftirlitsaðila.

Í IV. kafla frumvarpsins er m.a. kveðið á um opinbert markaðseftirlit með byggingarvörum og markaðssetningu þeirra. Í 2. mgr. 15. gr. frumvarpsins segir m.a. að Mannvirkjastofnun geti falið faggiltri skoðunarstofu að annast markaðseftirlit eða faggiltri prófunarstofu að prófa og meta hvort byggingarvara uppfylli ákvæði laganna. Þetta er í samræmi við sambærilegar heimildir í öðrum lögum. Þrátt fyrir það er mikil tregða að úthýsa verkefnum og hefur verulega dregið úr því að slíkar heimildir séu nýttar. Samtökin telja því mikilvægt að hið opinbera taki til skoðunar þá kosti sem felast í að fá faggildum skoðunarstofum eftirlit í auknum mæli.

Eins og nú háttar er fjölmörgum stofnunum falið að annast opinbert markaðseftirlit. Þar má nefna auk Mannvirkjastofnunar, Umhverfisstofnun, 10 heilbrigðisumdæmi, Matvælastofnun, Vinnueftirlit og Neytendastofu. Oft eru þessar stofnanir að fylgjast með svipuðum vörum, skörun er mikil og margir sem skoða í sömu fyrirtækjunum. Mikil tækifæri liggja í hagræðingu þessara starfsemi sem getur leitt til lægri ríkisútgjalda og minni kostnaðar fyrir fyrirtækin án þess að slakað sé á þeim efnislegu kröfum sem gerðar eru til vöru á markaði.



f.h. Samtaka atvinnulífsins



f.h. Samtaka iðnaðarins



f.h. SVP – Samtaka verslunar og þjónustu